


# FRÉTTABRÉF

LANDFRÆÐIFÉLAGSINS



1. tbl. 6. árg. 1991.

# Ferðalag í Brennisteinsfjöll á Reykjanesskaga í október 1990

- lítt þekktur en áhugaverður staður í nágrenni Reykjavíkur heimsóttur

Haustferð Landfræðifélagsins árið 1990 var farin í Brennisteinsfjöll á Reykjanesskaga laugardaginn 13. október. Leiðsögumaður var Sigmundur Einarsson jarðfræðingur. Alls tóku 13 þátt í ferðinni.

Farinn var Bláfjallavegurinn og stoppað undir Þríhnúkum. Þaðan var gengið um Kerlingarskarð og eftir sprungusveimi Brennisteinsfjalla í suðvestur að Kistufelli. Frá hátindi Kistufells var gengið í vest-suðvestur og komið niður í Fagradal.

Brennisteinsfjöll eru um miðbik eldstöðvakerfis sem við þau er kennt. Er þar mikill fjöldi eldstöðva, einkum gjall- og klepragígar. Þar er eitt helsta háhitasvæði á Reykjanesi og var gerð tilraun til að nema þar brennistein seint á síðustu öld. Vinnslan gekk erfiðlega en finna má nokkrar leifar hennar á staðnum, m.a. grunn hússins þar sem brenni-steinninn var hreinsaður.

Veður var hið ákjósanlegasta í ferðinni, frost en gott skyggni. Margt áhugavert kom fram. Má þar einkum nefna að saga hrauna sunnan Hafnarfjarðar og í og við Brennisteinsfjöll virðist langt frá því að vera fullkönnuð. Ýmislegt bendir þannig til að fleiri hraun kunni að vera á þessum slóðum frá því eftir landnám en nú er talið.

## Nefnd til að endurskoða landafræðikennslu í skólum

Þau ánægjulegu tíðindi hafa spurst út að í febrúar á síðasta ári hafi Svavar Gestsson menntamálaráðherra skipað nefnd til að endurskoða kennslu í landafræði í grunn- og framhaldsskólum

landsins. Nefndina skipa Bernharður Haraldsson skólameistari á Akureyri, Páll Bergsson kennari við Glerárskóla á Akureyri, Guðrún Einarsdóttir kennari í Mosfellssveit, Tryggvi Jakobsson á Námsgagnastofnun og Karl Kristjánsson frá menntamálaráðuneytinu. Nefndin hefur m.a. það hlutverk að skoða tengsl landafræðikennslu á skólastigunum báðum og koma með tillögur um kennslubókarmál. Er þess jafnvel vænst að ráðuneytið veiti einhvern styrk til kennslubókarritunar fyrir framhaldsstigið. Nefndin hefur haldið nokkra fundi og vonast er til að hún sendi frá sér álit á fyrri hluta þessa árs.

## Hvað er EUROGEO?

Á fundum Landfræðifélagsins hefur nokkuð verið spurt um samtök landfræðikennara í Evrópu og ritið EUROGEO sem þau gefa út. Fulltrúum frá Landfræðifélaginu hefur verið boðið að mæta á ráðstefnur samtakanna sem haldnar eru á tveggja ára fresti í Brussel í Belgíu. Síðast fór Tryggvi Jakobsson í júní á síðasta ári og var það í fjórða skipið sem ráðstefna samtakanna er haldin. EB stendur straum af öllum kostnaði. Til þess að kynna samtökin nánar fékk Landfræðifélagið Sigríði Haraldsdóttir landfræðing til að þýða stofnskrá þeirra. Fylgir hún hér á eftir:

### "EUROGEO: European Standing Conference of Geography Teachers' Association"

#### Aðdragandi stofnunar

Í nóvember 1979 stóð Efnahagsbandalag Evrópu fyrir fundi fulltrúa Sambands Landfræðikennara í Brussel. Á fundinum var ákveðið að koma á fót "varanlegri" ráðstefnu sambands evrópskra landfræðikennara (European Standing Conference of Geography Teachers' Association) til að stuðla að evrópskri sýn í

landfræðikennslu við evrópska skóla og til þess að skapa almennan vettvang til umræðna um málefni er varða landfræðikennslu í Evrópu.

Vegna fjarlægðar milli landa og erfiðleika samfara því að stór hópur fólks hittist reglulega, var ákveðið að Ráðstefnan aðstoðaði landfræðikennara helst með því að koma á fót dreifingarkerfi fyrir gögn er varða landafræði Evrópu. Til að ná þessu markmiði hófst regluleg útgáfa "EUROGEO".

Fulltrúar samtaka landfræðikennara geta þó hist á vegum Ráðstefnunnar og hafa nokkrir fundir verið haldnir.

Ráðstefnan nýtur fjárhagslegs stuðning EB. Þessi fjárstuðningur gerir Ráðstefnunni kleift að gefa út EUROGEO og safnast saman til fundar á tveggja ára fresti.

Stofnun upplýsinga- og heimildamiðstöðvar er álitid forgangsverkefni Ráðstefnunnar. Tvær slíkar miðstöðvar, sem ná til einstakra landa, hafa verið stofnaðar. Þær eru IDG í Hollandi og GID í Belgíu. Ráðstefnan er sannfærð um gildi miðstöðvar sem næði til allrar Evrópu ásamt uppbyggingu fleiri miðstöðva í einstökum löndum.

Árið 1989 fékk Ráðstefnan formlega ráðgefandi stöðu við Evrópuráðið.

Eftirfarandi reglur mynda ramma fyrir starfsemi Ráðstefnunnar.

**Nafn:** Nafn stofnunarinnar skal vera: European Standing Conference of Geography Teachers' Associations (E.S.C.G.T.A.)

**Markmið:** Markmið Ráðstefnunnar eru að:

1. Stuðla að evrópskri sýn í landfræðimenntun og kennslu í aðildarlöndum.
2. Stuðla að auknum skilningi á Evrópu í gegnum landafræði.
3. Dreifa upplýsingum um Evrópu í ritum s.s. EUROGEO.
4. Stuðla að komið verði á fót evrópskri upplýsinga- og heimildamiðstöð
5. Mynda vinnuhópa, þegar þurfa þykir, til þess að taka þátt í samvinnuverkefnum um landfræðikennslu í Evrópu.

6. Koma á framfæri vitneskju til aðildarfélaganna Ráðstefunnar um starfsemi félaganna með því að skiptast á ritum, dagsetningum á ráðstefnum o.s.frv.
7. Hvetja til myndunar sambands landfræðikennara í þeim löndum þar sem þau eru ekki fyrir hendi.
8. Styrkja stöðu landafræði í námsefni skóla Evrópu.
9. Hafa samvinnu við samtök eins og Evrópubandalagið og Evrópuráðið, upplýsingamiðstöðvar s.s. IDG í Hollandi, GID í Belgíu og Georg-Eckert stofnunina í Braunschweig.
10. Skapa vettvang fyrir umræðu um sameiginleg áhugamál landfræðinga í Evrópu.

### **Aðild:**

1. Aðild að Ráðstefnunni er opin fulltrúum samtaka landfræðikennara í aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins og nágrannalöndum.
2. Í þeim löndum þar sem starfrækt eru fleiri en ein samtök landfræðikennara, geta öll samtök orðið aðili að Ráðstefnunni.
3. Í þeim löndum þar sem ekki eru til samtök landfræðikennara, má landfræðingur eiga aðild að Ráðstefnunni samkvæmt boði.

### **Stjórnun:**

1. Ráðstefnan skalhittast á tveggja ára fresti
2. Hver fundur á að vera skipulagður af ritaraembættinu. Aðildarríkin skulu skiptast á fundarstjórn og aðstoða við skipulag á þeim fundum sem þau bera ábyrgð á.
3. Á milli funda eru Belgísku samtökin - FEGEPRO og VLA - ábyrg fyrir stjórnunarstörfum Ráðstefnunnar.
4. Aðstaða til túlkunar/þýðingar skal vera á hverjum fundu fyrir ensku og frönsku og tungumál formanns eða ritara ef þörf gerist.

### **Dreifing upplýsinga:**

1. Sé nægilegt fjármagn fyrir hendi skal Ráðstefnan gefa EUROGEO út reglulega.

Innihald blaðsins geta verið almennar landfræðilega upplýsingar um Evrópu og auk þess framlag frá hverju landi.

2. Skýrslur vinnuhópa á að gefa út þegar þær eru til reiðu.

3. Gefa skal út skýrslu um hvern fund Ráðstefnunnar og skal henni dreift til allra aðildarsamtaka og annarra samtaka er áhuga kunna að hafa.

EUROGEO er útgáfa Euoropean Standing Conference of Geography Teachers' Associations (ESCGTA). Það er gefið út á tveggja ára fresti og dreift meðal þátttökulanda. Ritið nýtur fjárhagslegs stuðnings Efnahagsbandalagsins og eru eintök einnig send til evrópskra samtaka.

Sérhver útgáfa af EUOROGEO hefur að geyma upplýsingar er tengjast: (i) hinni evrópsku sýn í heild sinni og (ii) staðbundnara efni sem þátttakendur útvega og fjallar um ákveðið efni frá þeirra eigin landi (og sem þeir bera ábyrgð á). Markmið hvers heftis er að sjá landfræðikennurum fyrir efni sem hægt er að nota beint við kennslu, sérstaklega á öðru skólastigi (secondary level). Efnið er sett fram á mjög myndrænan hátt í formi korta og línurita, með sem minnstum texta á frönsku og ensku. Þessi tilhögun gerir hverju landi kleift að þýða texta á móðurmál sitt á tiltölulega auðveldan hátt og auðveldar endurútgáfu þeirra til dreifinga í skólum. Ákveðið "þema" er valið fyrir hvert hefti. Kennarar geta því borið saman lönd og bæði landfræðilega dreifingu og landfræðileg tengsl í mismunandi mælikvarða.

## Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur Landfræðifélagsins 1990 var haldinn á Holiday Inn hótelinu 24. apríl 1990. Á fundinn mættu alls 23 sem teljast verður mjög gott miðað við mörg undanfarin ár. Einkum voru það nemar úr Háskóla Íslands sem fjölmenntu. Fundarstjóri var kosinn Magnús Guðmundsson og fundarritari Tryggvi Jakobsson. Dagskrá var með hefðbundnum hætti.

Fyrst gerði Einar Bogi Sigurðsson fráfarandi formaður grein fyrir starfsemi félagsins á 1989-1990. Greindi hann frá því að deyfð hefði verið yfir starfsemi félagsins. Til marks um það nefndi hann að engin ferð hefði verið farin á vegum félagsins og aðeins einn fyrirlestur verið haldinn. Var hann 9. nóv. 1989 í Odda og fjallaði um utanlandsferð jarð- og landfræðinema til Svíþjóðar.

Fréttabréfið kom út þrisvar á síðasta starfsári og stjórnin valdi fólk til setu í sameiginlegri ritnefnd félagsins og Félags landfræðinga. Fyrirhugað er að endurvekja útgáfu Landabréfsins og var Sigríður Haraldsdóttir fengin til að hafa umsjón með því. Afraksturinn er væntanlegur innan tíðar. Ákvað Landfræðifélagið að leggja 50 þús. kr. í þetta verkefni. Vonaði Einar Bogi að áframhald yrði á þessum útgáfumálum og þá í samvinnu félaganna beggja.

Skærast skein stjarna félagsins á síðasta starfsári á þremur námskeiðum sem haldin voru í samvinnu við Félag landfræðinga, Landmælingar Íslands og Námsgagnastofnunar. Fjölluðu þau um gerð og notkun landakorta, notkun áttavita og fleiri er að gagni getur komið á ferðalögum um óbyggðir. Á fyrsta námskeiðinu, sem haldið var í júní 1989, var farið í vettvangsferð upp fyrir Reykjavík og gengið frá nokkrum stöðum eftir korti með hjálp áttavita að Selvatni. Sóttu það yfir 20 manns. Þótti það mjög vel heppnað sem sjá má á því að bílaklúbburinn 4x4 og Vélsléðasamband Íslands fóru þess á leit við félagið að halda sambærileg námskeið fyrir félagsmenn sína. Voru tvö námskeið fyrir þessi félög haldin í byrjun desember 1989 og höfðu yfirskriftina "Vetrarferðir á fjöllum". Sóttu yfir 20 manns hvort námskeiðið um sig. Af hálfu félagsins höfðu Tryggvi Jakobsson og Magnús Guðmundsson veg og vanda af námskeiðunum þremur og fengu til liðs við sig sérfræðinga á ýmsu sviðum.

Að lokum gat Einar Bogi þess að Óttar Ólafsson hefði tekið saman efni í Eurogeo 4 en það er rit sem gefið er út á vegum Eurogeo working group (sjá annars staðar í fréttabréfinu) á tveggja ára fresti. Fjallaði það að þessu sinni um orkumál í Evrópu og var þetta í fyrsta skipti sem Landfræðifélagið sendi efni. Jafnframt greindi Einar frá því að ákveðið hefði verið að senda Tryggva Jakobsson á sameiginlegan fund hópsins sem haldinn var í Brussel dagana 22.-24. júní 1990.

Einar Egilsson lagði fram reikninga félagsins og bar þá upp til samþykktar með fyrirvara um samþykkt endurskoðenda. Voru þeir samþykkt samhljóða. Tekjuafgangur síðasta starfsárs var 38.632,60 kr.

Stjórnarkjör fór á þann veg að Óttar Ólafsson var kosinn formaður og aðrir í stjórn Guðrún Ólafsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Tryggvi Jakobsson og Einar Egilsson.

Endurskoðendur voru einróma endurkjörnir þeir Bjarni Reynarsson og Ólafur H. Óskarsson.

Engar óskir um lagabreytingar komu fram á fundinum.

Félagsgjald var ákveðið kr. 800 fyrir næsta starfsár.

Undir liðnum önnur mál var einkum rætt um tengsl Landfræðifélagsins og Félags landfræðinga. Guðrún Gísladóttir kynnti síðarnefnda félagið. Í framhaldi af því urðu nokkrar umræður um stöðu Landfræðifélagsins og meðal annars sú skoðun viðruð hvort ástæða væri til að hafa tvö félög á sama fræðasviði. Kom fram áhugi fólks á því að Landfræðifélagið einbeitti sér frekar að ákveðnum sviðum, t.d. námskeiðum og kynningu landfræðinnar innan skólakerfisins.

Fundinum lauk með því að Páll Imsland jarðfræðingur hélt mjög fróðlegt erindi um för sína til Japan á þing sem fjallaði um sambúð manna við eldvirkni. Ferðaðist hann vítt og breytt um eldvirk svæði í Japan í kjölfar ráðstefnunnar. Fyrirlesturinn kryddaði hann með litskygnum.

Óttar Ólafsson bjó Fréttabréfið til prentunar.  
Fjölföldun Stensill hf.